



# HRUNAMANNAHREPPUR

60. FUNDUR HREPPSNEFNDAR  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 5. FUNDUR ÁRSINS  
VAR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 8. JÚNÍ 2010  
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 8. júní kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Unnsteinn Logi Eggertsson varamaður í stað Sigurðar Ingi Jóhannssonar, Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon, oddviti setti fund og stjórnaði honum. Oddviti bauð fundarmenn velkomna um leið og hann óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Óskað var eftir að athugasemd frá Esther Guðjónsdóttur og Gunnari Hallgrímssyni yrði tekin fyrir vegna undirritunar viljayfirlýsingar um Matarsmiðju á Flúðum annars vegar og Íslenskrar matorku ehf. vegna fyrirhugaðs fiskeldis hins vegar. Einnig var óskað eftir að leggja fram fundargerð 4 fundar fræðslunefndar en hún fylgir fundargögnum. Einnig fundargerð 18 fundar Landbúnaðarnefndar frá 2. júní s.l. og ákvörðun um tillögu um smalamennsku og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af. Einnig voru lagðar fram tvær viljayfirlýsingar. Samþykkt að bæta þessu fundarefni við fundinn.

## Erindi til hreppsnefndar:

1. Markaðsstofa Suðurlands: Þjónustusamningur.
2. Orf líftækni: Ósk um leigu á gróðurhúsi.
3. Fannborg: Drög að leigusamningi v. Kerlingarfjalla
4. Breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015.
5. Erindi til hreppsnefndar á fund 8. júní 2010.

## Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Fræðslunefnd: 3. fundur Fræðslunefndar v. leikskóla 18. maí n.k.
2. Fræðslunefnd: 4 fundur Fræðslunefndar v. samstarfs um skólamál og félagsmiðstöð.
3. Landbúnaðarnefnd: 4. fundur frá 2. júní s.l. og ákvörðun um tilhögun og samræmingu á smalamennsku og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af.

## Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. Félagsþjónusta: 125. fundur félagsmálanefndar frá 6. apríl s.l.
2. 24. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 18. maí s.l. og 43. og 44. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 28 apríl og 11. maí s.l.

## Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Eldgos í Eyjafjallajökli og afleiðingar þess bréf frá 18. maí s.l.
- b. SASS: Ársþing 9. og 10. september n.k. á Selfossi.
- c. SASS: 433. fundur stjórnar frá 14. maí n.k.
- d. SASS: Sameiginleg þjónustusvæði um málefni fatlaðra frá 14. maí s.l.
- e. Eignarhaldsfélag Suðurlands aða
- f. 121. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 12. maí s.l.
- g. 126. stjórnarfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá s.l.
- h. 190. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands frá 20. maí s.l.
- i. 292. stjórnarfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 12. maí s.l.

## Önnur mál og upplýsingar:

- a. Flugstoðir: Nýtt félag ISAVIA ohf. frá 29. apríl s.l.
- b. Brunabót: Styrktarsjóður bréf frá 6. maí s.l.
- c. Orlof húsmæðra: Bréf frá 6. maí s.l.
- d. Vinnueftirlitið: Dreifibréf til verktaka og verkkaupa frá 19. maí s.l.
- e. Stofnun Árna Magnússonar: bréf frá 7. maí s.l.
- f. Aðalfundur Veiðifélags Árneseinga frá 20 apríl s.l.

Gengið til dagskrár:

**Erindi til hreppsnefndar:**

1. **Markaðsstofa Suðurlands: Þjónustusamningur** Oddviti kynnti á ný þjónustusamning við Markaðsstofu Suðurlands en áður hafði undirritun verið frestað. Hreppsnefnd samþykkir að undirrita samninginn og sveitarstjóri verður tengiliður hreppsnefndar við Markaðsstofuna.
2. **Orf líftækni: Ósk um leigu á gróðurhúsi.** Oddviti kynnti bréf frá Júlíusi Kristinssyni forsvarsmanns Orfs líftækni um að fá leigt gróðurhús undir tilraunaræktun. Hreppsnefnd hafnar erindinu vegna uppbyggingu væntanlegs heilsuþorps á Flúðum.
3. **Fannborg: Drög að leigusamningi v. Kerlingarfjalla:** Oddviti kynnti á ný drög að leigusamningu við Fannborg vegna Kerlingarfjalla en áður hefur verið fjallað um málið í hreppsnefnd. Hreppsnefnd frestar afgreiðslu erindisins og felur nýrri hreppsnefnd framhalds málsins.
4. **Breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015.** Oddviti lagði fram breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 á Flúðum vegna færslu Bræðratunguvegar ásamt umhverfisskýrslu. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir að lega tengivegar (Bræðratunguvegar) sunnan og vestan flugvallar breytist. Samhliða verða breytingar á tengivegum annarra vega auk þess sem afmörkun aðliggjandi verslunar- og þjónustusvæðis, tjaldsvæðis, íbúðasvæðis og athafna- og iðnaðarsvæðis breytist lítillaga. Tillagan var kynnt skv. 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga með auglýsingu sem birtust í Dagskránni og Fréttablaðinu frá 6. til 14. maí 2010. Hreppsnefnd samþykkir að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna ásamt umhverfisskýrslu skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga.
5. **Athugasemd og fyrirspurn við undirritun viljayfirlýsingar frá Esther Guðjónsdóttur og Gunnari Hallgrímssyni.**

Eftirfarandi fyrirspurn barst frá Esther Guðjónsdóttur og Gunnari Hallgrímssyni til meirihluta hreppsnefndar Hrunamannahrepps:

Skrifað var undir tvær viljayfirlýsingar, við Matorku og Matarsmiðjuna, 2 dögum fyrir kosningar, þann 27. maí síðastliðinn.

Af hverju var minnihluti hreppsnefndar, Esther og Gunnar, ekki höfð með í ráðum og látin vita af gerð viljayfirlýsinganna og hvenær undirritun átti að eiga sér stað?

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga er ekki heimilt að stofna til útgjalda nema með samþykki sveitarstjórnar. Í viljayfirlýsingu við Matorku samþykkir oddviti að sveitarfélagið beri ábyrgð og kostnað af tilraunaborholu á iðnarsvæðinu og könnun vatnsgæða. Við teljum að samþykkja hefði þessa undirritun fyrirfram.

Það hefur alltaf verið vilji minnihlutans að vinna að góðum verkum og alltaf verið ágæt samvinna milli meiri- og minnihluta í hreppsnefnd en þarna finnst okkur hafa verið valtað yfir okkur og allri góðri samvinnu stofnað í hættu.

Gunnar Hallgrímsson og Esther Guðjónsdóttir

Vegna athugasemdar Gunnars Hallgrímssonar og Estherar Guðjónsdóttur v. undirskrift viljayfirlýsingar um Matarsmiðju á Flúðum og fyrirhugaðs fiskeldis Matorku á Flúðum vill meirihluti hreppsnefndar taka eftirfarandi fram:

Viljayfirlýsingin er fyrst og fremst gerð til þess að lýsa yfir áhuga hreppsnefndar á að þessi atvinnustarfsemi verði á Flúðum. Sem vonandi á eftir að verða lyftistöng og auka fjölbreytni atvinnulífs í hreppnum.

1. Ljóst er að Matarsmiðjan mun taka til starfa strax í haust og er samvinnuverkefni sveitarfélaga uppsveita Árnessýslu, Háskólafélags Suðurlands, Matís og Háskóla Íslands. Forsvarsmenn Matvís hafa þegar tryggt húsnæði til starfseminnar og hefur hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkt samhljóða á fundi sínum 6. apríl s.l. að verja kr. 500.000 til

verkefnisins og hafa fleiri sveitarfélög í uppsveitum staðfest þátttöku sína í verkefninu.

2. Varðandi fiskeldis Matorku var ljóst að nokkrir staðir komu til greina á landinu. Með viljayfirlýsingunni er eindregið stefnt að því að sú starfsemi fari fram á Flúðum. Hvað varðar útgjöld sveitarfélagsins til verkefnisins hefur alltaf verið ljóst, frá fyrsta undirbúningsfundi, að sveitarfélagið verður að útvega vatn til eldisins, en það er einmitt meginorsök þess að eldið fari fram í Hrunamannahreppi. Samið verður um verð á vatninu þegar ljóst er hvort möguleiki sé á því að útvega vatn til verkefnisins. Þetta kom m.a. fram á fundi, þar sem flestir hreppsnefndarmenn sátu 18. mars s.l., þegar fyrsta kynning á verkefninu fór fram. Einnig hefur tölvupóstur gengið milli sveitarstjórnarmanna um verkefnið og allir sveitarstjórnarmenn eru áhugasamir um framvindu málsins og einnig hefur verið fjallað um það á hreppsnefndarfundi frá 6. apríl s.l. Ljóst er að þegar frekari ákvarðanir verða teknar, hvað varðar bein útgjöld sveitarfélagsins vegna þessa, verða þær bornar upp í hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Þar sem þetta skref er eitt af mörgum til að þessi starfsemi verði að veruleika var þetta talin eðlileg framgangna mála.

Ragnar Magnússon, oddviti

Halldóra Hjörleifsdóttir

Unnsteinn Logi Eggertsson ( varamaður Sigurðar Inga Jóhannssonar ).

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

1. Fræðslunefnd: 3. fundur fræðslunefndar v. leikskóla 18. maí s.l. Formaður fræðslunefndar kynnti 3. fund fræðslunefndar vegna leikskóla á árinu. Þar er m.a. fjallað um skýrslu skólustjóra þar sem farið er yfir helstu starfsemi skólans. Einnig frá starfsmannamálum fyrir næsta skólaár, vistunarumsókn og fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
2. Fræðslunefnd: 4. fundur fræðslunefndar v. samstarfs um skólamál og félagsmiðstöð: Farið var yfir samstarf Þjórskóla og Flúðaskóla og starf Félagsmiðstöðvarinnar Zero. Fundargerð lögð fram til kynningar.
3. 4. Fundur landbúnaðarnefndar frá 2. júní s.l. Þar er m.a. fjallað um ákvörðun um tilhögun og samræmingu á smalamennsku og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af. Drög að tillögunni samþykkt með áorðnum breytingum landbúnaðarnefndar. Sveitarstjóra falið að semja við smið vegna endurbóta í Helgaskála og að semja við Gísla Einarsson um endurnýjun girðingar og viðhald.
4. Einnig var lagður fram verkamningur við Guðbjörn Dagbjartsson vegna umjónar með fjallaskálum.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.**

1. Félagsþjónusta: 125. fundur félagsmálanefndar frá 6. apríl s.l. Oddviti kynnti fundargerði 124. fundar félagsmálanefndar. Farið var yfir barnaverndarmál, umsóknir frá 3 aðilum um leyfi sem stuðnings- og sumardvalarforeldrar. Samþykkt voru 3 umsókn um fjárhagsaðstoð, 2 umsóknir um félagslega heimaþjónustu og 2 um ferðaþjónustu fatlaðra. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.
2. 24. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 18. maí s.l. og 43. og 44. afgreiðslufundir byggingarfulltrúa frá 28 apríl og 11. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerð 24. fundar Skipulags og byggingarnefndar en þar er fjallað um eitt sameiginlegt mál og eitt vegna Hrunamannahrepps. 43. og 44. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa en þar voru tvö mál er tengjast Hrunamannahrepp, mál nr.1. samþykkt grafrarleyfi fyrir sumarhúsi við Sléttuveg, Efra-Seli, og mál nr. 2 samþykkt stækkun sumarhús við Svanabyggð 10. Einnig mál nr. 1 á 44. fundi, heimilað að hefja jarðvinnu fyrir íbúðarhúsi við Hvamm og mál

nr. 2. heimilað að hefja jarðvinnu við íbúðarhús á Silfurmyri úr landi Miðbæjar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar. Einnig farið yfir 5. stjórnarfund skipulags-og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps. Farið var yfir ársreikning byggðarsamlags 2009 og húsnæðismál skipulags-og byggingarfulltrúaembættisins. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **SASS: Eldgos í Eyjafjallajökli og afleiðingar þess bréf frá 18. maí s.l.** Oddviti kynnti bókun frá stjórnarfund SASS 14.maí sl. Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktun og efni bréfs stjórnar SASS v. eldgossins í Eyjafjallajökli.
- b. **SASS: Ársþing 9. og 10. september n.k. á Selfossi.** Oddviti kynnti dagsetningu næsta ársþings SASS. Hreppsnefnd gerir alvarlegar athugasemdir við dagsetningu ársþings SASS.
- c. **SASS: 433. fundur stjórnar frá 14. maí n.k.** Oddviti kynnti fundargerð 433. stjórnarfund SASS. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- d. **SASS: Sameiginleg þjónustusvæði um málefni fatlaðra frá 14. maí s.l.** Oddviti kynnti bréf frá
- e. **Eignarhaldsfélag Suðurlands** aða Oddviti kynnti Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- f. **121. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 12. maí s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 121.stjórnarfund Skólaskrifstofu Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- g. **126. stjórnarfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá s.l.** Oddviti kynnti Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- h. **190. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands frá 20. maí s.l.** Oddviti kynnti Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- i. **292. stjórnarfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 12. maí s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 292.fundar stjórn Atvinnuþróunarfélagi suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Önnur mál og upplýsingar:**

- a. **Flugstöðir: Nýtt félag ISAVIA ohf. frá 29. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Brunabót: Styrktarsjóður bréf frá 6. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Orlof húsmæðra: Bréf frá 6. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Vinnueftirlitið: Dreifibréf til verktaka og verkkaupa frá 19. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Stofnun Árna Magnússonar: bréf frá 7. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Aðalfundur Veiðifélags Árneseinga frá 20 apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
  - **Sveitarstjóri sagði frá því að sveitarfélagið á í samningaviðræðum við eiguendur Sunnuhlíðar vegna lóðar undir dæluhús.**
  - **Sveitarstjóri sagði frá því að hann sem stjórnarmaður og fulltrúi Hrunamannahrepps í stjórn Hótel Flúða ehf. hefur skrifað undir lán að kr. 5.000.000 vegna nýframkvæmda.**

Þar sem þetta er síðasti fundur hreppsnefndar þakkar sveitarstjóri hreppsnefnd fyrir ánægjulegt samstarf á sama hátt þakkaði oddviti sveitarstjóra og fráfarandi hreppsnefnd fyrir ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.35.